



**SKOÐUN** Sjúklingar borga 1,9 milljörðum meira en áður segir Oddný G. Harðardóttir. **14**



**MENNING** Guðni Líndal Benediktsson hefur svaklega fyndið í myndunarafl. **22**



**LÍFID** Anna Póra Björnsdóttir skelti sér á uppístands námskeiði 52 ára. **34**



**SPORT** Draumabyrjun hjá KR-ingnum Finni Frey Stefánsyni í draumastarfinu. **28**

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

8. desember 2014  
288. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

FRÉTTIR



## Skilar sér ekki

Formaður VR segir að sterkara gengi krónunnar skili sér ekki í lægra vöruverði. **6**

**Nóbel til Bandaríkjanna** Nóbél námsbúðirnar, sem náð hafa góðum árangri hér á landi undanfarin ár, eru á leið til Bandaríkjanna. **2**

**Öryrkjar út undan** Öroruklífeyrisþegar geta ekki nýtt úrræði um að nota hluta tekna inn á lán skattfrjálst líkt og þeir sem eru á vinnumarkaði. **8**

**Ræddu ljósagang** Bæjarstjóri Fljótaldshéraðs hittu útvarpsstjóra til að ræða áralangt ónæði af öryggisljósum á langbylgjumastri á Eiðum. **10**

# Lífeyrissjóðir kaupa í Fáfni

Framtakssjóður í eigu þrettán lífeyrissjóða, Íslandsbanka og VÍS keypti 30 prósentu hlut í Fáfni Offshore. Hlutfjárukning á að efla Fáfni sem nú smíðar annað skip og gerði nýlega samning við olúrisann Gazprom.

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóðurinn Akur hefur keypt 30 prósentu hlut í Fáfni Offshore og er nú stærsti einstaki hluthafi fyrirtækisins. Með því er hlutfé aukið um 1.260 milljónir króna hjá Fáfni sem sérhæfir sig í þjónustu við olú- og gasborpalla auk annarra verkefna á norðlægum slóðum.

„Þessi hlutfjárukning er ekki eyrnamerkt neinu ákveðnu verkefni heldur fer hún í að efla frekari sókn félagsins,“ segir Jóhannes Hauksson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins.

Akur er í eigu þrettán lífeyrissjóða, Íslandsbanka og VÍS. Lífeyrissjóður verslunarmanna er stærsti eigandi Akurs með 19,9 prósentu hlut. Þar á eftir kemur Gildi – lífeyrissjóður með 15 prósent. Íslandsbanki á 14 prósentu hlut en aðrir hluthafar tíu prósent eða minna.

„Þetta er mjög jákvætt og hluti af frekari framþróun og uppbyggingu félagsins en það er búið að fjárfesta í tveimur skipum,“ segir Hermann Már Þórisson, stjórnarformaður Fáfnis Offshore.

Fyrsta skip fyrirtækisins, Polarsysel sem var sjósett í Tyrklandi í mars síðastliðnum, er sérútbúið til að þjónusta olúíðnaðinn og kostaði rúma

sjö milljarða króna. Um mánuði síðar undirritaði Fáfni títu ára þjónustusamning við norska ríkið vegna verkefna við Svalbarða sem er metinn á um sex milljarða. Fyrirtækið hefur einnig keypt annað og stærra skip, sem nú er í smíðum, og gerði nýverið samning við Gazprom um að þjónusta olúborpall rússneska fyrirtækisins í Pechora-hafi.

Framtakssjóðurinn Akur var stofnaður í september í fyrra en fjárfestingargeta sjóðsins er upp á 7,3 milljarða króna. Hugmyndin um að fjárfesta í Fáfni kom að sögn Jóhannesar fyrst upp í febrúar síðastliðnum.

„Við tókum endanlega ákvörðun í ágúst, með ákveðnum fyrir-



„Við erum því nýkomnir um borð en okkur þykir þetta spennandi verkefni.“

Jóhannes Hauksson, framkvæmdastjóri Akurs.

vörum, en kaupin gengu í gegn í lok nóvember. Við erum því nýkomnir um borð en okkur þykir þetta spennandi verkefni því Fáfni starfar í bransa sem er þróað á alþjóðavísu en er fyrsta fyrirtæki sinnar tegundar hér á Íslandi.“

haraldur@frettabladid.is



Bolungarvík	-2°	SA	7
Akureyri	-6°	S	5
Egilsstaðir	-7°	SV	4
Kirkjubæjarkl.	-3°	NV	2
Reykjavík	-1°	SA	6

**SA-stormur í kvöld** SV- og V-til og fer yfir landið í nótt. Léttskýjað A-til fram á kvöldið en úrkoma V-til og bætir í í kvöld. Vaxandi SA-átt SV- og V-til síðdegis og minnkandi frost. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



**JÓLALJÓS** Kveikt var á jólatrénu á Austurvelli í gær. Upprunalega tréð frá Ósló skemmdist í óveðri og tré frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur hljóp í skarðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ákvörðun um lögregluna á Hornafirði byggð á rekstrarlegum forsendum: Veikur grundvöllur lögreglunnar

**STJÓRNSÝSLA** „Að mati heimamanna skipti það miklu máli að það samstarf sem hefur verið milli lögregluembættanna á Höfn og á Austurlandi sé skoðað nánar og rekstrarforsendurnar endurmetnar,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra.

Ákvörðun Sigmundar Davíð Gunnlaugssonar forsætisráðherra um að sveitarfélagið Hornafjörður

teljist til umdæmis lögreglustjórans á Austurlandi en færast ekki yfir á Suðurland vekur hörð viðbrögð. Ráðstöfunin er til bráðabirgða.

Jóhannes Þór segir að nú verði rekstur lögreglunnar á Austurlandi skoðaður. Síðan verði ákveðið hvort lögreglan á Höfn muni tilheyra Suðurlandi eða Austurlandi. Lögreglan í Horna-

„Rekstrargrundvöllur lögreglunnar á Austurlandi hefur ekki verið nógu sterkur.“

Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra.

firði hefur heyrt undir Austurland frá árinu 2007 en til stóð að breyta því.

- sa / sjá síðu 4

**Giljagaur**  
ÍSLENSK HÖNNUN OG RITSNILLD Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA  
Sölu tímabil 5. - 19. desember  
www.jolaoroinn.is  
STYRKARFÉLAG LAMADRA OG FATLAÐRA

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka  
OPÍÐ 24 TÍMA  
Iceland

Glaesilegar jólagjafir  
Kíktu á úrvalið í vefversluninni okkar á michelsen.is  
ARNE JACOBSEN  
MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR





2.000 kr.  
notkun eða  
2 GB á mán.  
í 12 mán.  
fylgir.

iPhone 6 Plus 16GB

**129.990 kr.** stgr.

7.990 kr. /18 mán.



2.000 kr.  
notkun eða  
2 GB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

iPhone 6 16GB

**119.990 kr.** stgr.

7.290 kr. /18 mán.



1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 12 mán.  
fylgir.

Samsung Galaxy Note 4

**134.990 kr.**

8.190 kr. /18 mán.



1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

Samsung Galaxy S5

**99.990 kr.** stgr.

5.990 kr. /18 mán.

# JÓLASÍMAR MED INNEIGN ÁTTA

Ókeypis  
heimsending  
um allt land!  
Á vefverslun  
nova.is



1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

Samsung Galaxy Alpha

**109.990 kr.** stgr.

6.790 kr. /18 mán.



500 kr.  
notkun eða  
250 MB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

Samsung Galaxy S5 Mini

**69.990 kr.** stgr.

4.290 kr. /18 mán.



500 kr.  
notkun eða  
250 MB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

Samsung Galaxy S4 Mini

**54.990 kr.** stgr.

4.990 kr. /12 mán.



500 kr.  
notkun eða  
250 MB á mán.  
í 3 mán.  
fylgir.

LG L30

**9.990 kr.** stgr.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

# NOVA

SVONA ERUM VIÐ



**34,2** ár var meðalaldur karla við sambúðarslit á árunum 2006-2010.

Meðalaldur kvenna við sambúðarslit á sama tíma var örlítið lægri eða 31,5 ár.

Heimild: Hagstofa Íslands

# Mörg fórnarlömb hefndarklám leita til Stígamóta. Talskona Stígamóta segir að um ofbeldi sé að ræða: Hefndarklám er grafalvarlegt ofbeldi

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er alvarleg birtingarmynd ofbeldis og fólk er berskjaldað fyrir þessu. Ef eitthvað er komið á netið þá er það orðið eilíft og þú verður að gjöra svo vel að lifa með því,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, um svokallað hefndarklám.

Í hefndarklám er dreifing á kynferðislegum myndum gegn vilja þess sem er á myndunum. Þingflokkur Bjartrar framtíðar hefur lagt fram frumvarp

sem felur í sér að hefndarklám verði bannað og gert refsivert. Guðrún segist fagna frumvarpinu. Til Stígamóta hafi fórnarlömb hefndarklám leitað og býst Guðrún við að það aukist með meiri umræðu og vitundarvakningu.

„Þetta er ofbeldisform sem við höfum lengi verið að vinna með. Ráðin eru tekin af fólki og ákaflega persónulegu myndefni dreift gegn vilja þess. Um leið og búið er að setja mynd-

efnið inn á netið þá er það orðið óskilanlegt,“ segir Guðrún.

Að sögn Guðrúnar hefur ekki verið tekinn saman aldur þeirra sem leita til Stígamóta vegna þessara mála en yfirleitt séu það ungar konur.

„Það er mjög þarft að taka á þessum málum. Á næsta ári verða Stígamót 25 ára. Þá ætlum við að leggja áherslu á kynferðislega áreitni og ofsóknir og þetta er ein birtingarmynd þess.“



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR Fórnarlömb hefndarklám hafa leitað til Stígamóta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



PETER TAUBER Aðalritari Kristilegra demókrata. NORDICPHOTOS/AP

Umdeild tillaga sett fram:

## Innflytjendur tali þýsku

**ÞÝSKALAND** Lagt er til að innflytjendum í Þýskalandi verði gert skylt að tala þýsku við aðra fjölskyldumeðlimi samkvæmt tillögu á komandi flokksþingi CSU í Bæjaralandi. Flokkurinn er systurflokkur Kristilegra demókrata.

Tillagan er ætlað að koma í veg fyrir að innflytjendur geti talað móðurmál sitt á eigin heimili.

CSU er með hreinan meirihluta á landsþinginu í Bæjaralandi. Stuðningsmenn tillögunnar segja hana hjálpa innflytjendum að aðlagast þýsku samfélagi. Margir gagnrýna tillöguna, þar á meðal Peter Tauber, aðalritari Kristilegra demókrataflokksins.

Nýjar tölur Hagstofunnar:

## Ekki framleitt fyrir útgjöldum

**EFNAHAGSMÁL** Landsframleiðslan á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 jókst um 0,5 prósent að raungildi borið saman við fyrstu níu mánuði ársins í fyrra, samkvæmt Hagstofu Íslands. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld um 3 prósent.

Einkaneysla jókst um 2,8 prósent, samneysla um 1,1 prósent og fjárfesting um 12 prósent. Útflutningur jókst um 5,1 prósent og innflutningur nokkru meira, eða um 10,8 prósent.

# Lögreglan á Höfn tilheyrir Austurlandi til bráðabirgða

Ákvörðun forsætisráðherra að láta lögregluembættið á Höfn tilheyra Austurlandi hefur vakið hörð viðbrögð. Ástæðan er rekstrargrundvöllur lögreglunnar á Austurlandi sem ekki er talinn góður. Endurmeta á reksturinn.

**STJÓRNSÝSLA** Lögregluembættið á Hornafirði verður til bráðabirgða undir lögreglustjóranum á Austurlandi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá innanríkisráðuneytinu. Nýr innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, ætlar að fara yfir skipan lögregluumdæma landsins og mun fara yfir þessa reglugerð frá 4. desember.

Ákvörðun Sigmundar Davíð Gunnlaugssonar um að sveitarfélagið Hornafjörður teljist til umdæmis lögreglustjórans á Austurlandi hefur vakið hörð viðbrögð. Reglugerðin var undirrituð af Sigmundi þann fjórða desember síðastliðinn, sama dag og tilkynnt var að Ólöf Nordal yrði næsti innanríkisráðherra.

Í fréttatilkynningu frá innanríkisráðuneytinu um reglugerð ráðherra er greint frá því að sveitarfélagið Hornafjörður teljist til umdæmis lögreglustjórans á Austurlandi þar til úttekt á rekstrarforsendum lögreglunnar á Austurlandi hefur farið fram.

Samkvæmt Jóhannesi Þór Skúlasyni, aðstoðarmanni Sigmundar, var ástæða þess sú að áhyggjuraddir höfðu heyrst frá lögreglunni á Austurlandi og sveitarstjórnarmönnum á svæðinu.

„Rekstrargrundvöllur lögreglunnar á Austurlandi hefur ekki verið nógu sterkur. Að mati heimamanna skipti það miklu máli að það samstarf sem hefur verið milli lögregluembætta á Höfn og á Austurlandi sé skoðað nánar og rekstrarforsendurnar endurmetnar,“ segir Jóhannes Þór.

Því verður nú ráðið í það að skoða rekstur lögreglunnar á Austurlandi. Þegar því endurmati verður lokið mun ákvörðun verða tekin hvort lög-



UMDEILD ÁKVÖRÐUN Síðasta verk Sigmundar Davíðs sem dómsmálaráðherra vekur hörð viðbrögð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

reglan á Höfn muni tilheyra Suðurlandi eða Austurlandi.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Samtaka sunnlesskra sveitarfélaga, segir ákvörðun Sigmundar hafa komið á óvart. Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjarnefndar Alþingis, telur að það eigi að draga reglugerð Sigmundar til baka.

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Hornafjarðar, hefur sent þingmönnum kjördæmisins bréf þar sem hann undrast þessa skipan. Bæjarstjóri hafi fengið fundarboð hjá lögreglustjóranum á Suðurlandi því hann hafi viljað hitta alla framkvæmdastjóra sveitarfélaga í sínu umdæmi. Vonast Björn Ingi eftir að þessi ákvörðun verði endurskoðuð.

„Nýr lögreglustjóri Suðurlands hefur komið hingað og hitt starfs-

menn lögregluumdæmisins á Höfn og í gangi er skipulagsvinna þessu tengd,“ segir Björn Ingi.

„Í síðustu viku fékk ég fundarboð frá lögreglustjóra Suðurlands um að koma til fundar við hann í næstu viku þar sem hann ætlaði að hitta alla framkvæmdarstjóra sveitarfélaga í sínu umdæmi.“

Ný lög um skipan lögregluumdæma lögreglustjóra voru samþykkt þann 14. maí síðastliðinn. Þar er lögregluumdæmum fækkað úr 24 í níu og lögreglustjórum fækkað úr fimmtán í níu. Lögregluumdæmin eru Höfuðborgarsvæðið, Vesturland, Vestfirir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Vestmannaeyjar og Suðurnes.

Lögregluembættið á Höfn hefur


„Að mati heimamanna skipti það miklu máli að það samstarf sem hefur verið milli lögregluembætta á Höfn og á Austurlandi sé skoðað nánar.“

Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra.

frá árinu 2007 verið í samstarfi við lögregluna á Austfjörðum. Sú ákvörðun Sigmundar felur því ekki í sér neinar breytingar frá fyrri högum lögreglunnar í sveitarfélaginu Hornafirði.

Ekki náðist í Sigmund sem var erlendis í gær. sveinn@frettabladid.is

## Veðurspá



**SA-STORMUR** gengur yfir landið í nótt en í fyrramálið má búast við hvasstri NA-átt NA-til en snýst svo í SV-átt þegar líður á morguninn. Snjóköma um allt land en úrkomulítið N- og A-til síðdegis. N-hvassviðri eða stormur NV-til á miðvikudag.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**SÓLARSTRÖND UNDIR JÓLATRÉNU**

Jólapakkur í sólinu í janúar á frábæru verði. sumarferdir.is

**SUMAR FERDIR** ...eru betri en aðrar

Fiskilóð 31, 101 Reykjavík | Sími 514 1400 | sumarferdir.is

# Óskalisti Max



**Flott 39"  
háskerpu  
snjallsjónvarp**

Með háskerpu 1920x1080 punkta upplausn, innbyggt WiFi, opinn netvafri, 4 HDMI tengi, 2 USB tengi og fleira.

  
**JÓLAVERÐ**  
**79.989**  
FULLT VERÐ 139.989

**Frábær 8" spjaldtölva fyrir krakkana**



  
**JÓLAVERÐ**  
**14.989**  
FULLT VERÐ 19.989

**Viðloðunarfrítt Raclette grill**



**8 litlar pönnur fylgja**



**JÓLAVERÐ**  
**4.989**  
FULLT VERÐ 6.989

**900w hrærivél**  
**KENWOOD**



**Með 4,3ja lítra stálskál**



**Blandari fylgir**

**JÓLAVERÐ**  
**29.989**  
FULLT VERÐ 34.989

**Einfaldur og góður 7" myndarammi**



**JÓLAVERÐ**  
**7.989**  
FULLT VERÐ 12.989

**Saeco**

**Alsjálfvirk kaffivél**



**Mylur baunir og gerir ilmandi gott kaffi**

**JÓLAVERÐ**  
**49.989**  
FULLT VERÐ 64.989

**Rafmagnsopnari fyrir vínflöskur**

**DOMO**



**JÓLAVERÐ**  
**1.989**  
FULLT VERÐ 2.989

**max.is**

**MAX**  
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

**SÍMI 412 2200**

**BEINT Á MÓTI IKEA**

## VEISTU SVARID?



1. Hver er nýráðinn Þjóðleikhússtjóri?
2. Hvaða leikmaður Stjörnunnar skoraði 17 mörk í leik gegn Val í Ólís-deild karla?
3. Hvað kallast rafduétt Ólafs Arnalds og Janusar Rasmussen?

SVÖR:  
Klasmos.

1. Ari Matthíasson, 2. Egill Magnússon, 3.

Eldgosið í Holuhrauni mun halda áfram í nokkra mánuði hið minnsta er mat vísindamanna:

## Flugu á Bárðarbungu til að gera við mæli

**NÁTTÚRA** Vísindamenn flugu yfir gosstöðvarnar í Holuhrauni á fimmtudag. Meðal erinda þeirra var að afla nákvæmra gagna um rúmmál hraunbreiðunnar. Þeir reikningar verða tilbúnir nú eftir helgi, en vikugömul mæling sýndi að rúmmál hraunsins er metið um einn rúmkílómetri.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flaug með vísindamenn á Bárðarbungu í gær til að koma á sambandi við gps-mælitækið í öskjunni.

Eitt helsta sérkenni gossins sem hófst þann 31. ágúst er mikið og óvenju stöðugt hraunflæði. Kvikan sem upp kemur er fremur frumstætt basalt með efnafræðileg einkenni eldstöðvakerfis Bárðarbungu. Hraunbreiðan er nú 76 ferkílómetrar. Flæði hrauns í september var nærri 200 rúmmetrum á sekúndu en meðaltal fyrir nóvember er talið vera undir 100 rúmmetrum á sekúndu. Nýja hraunið er það stærsta sem runnið hefur hér á landi frá Skaftáreldum (1783-

1784) og sennilega þriðja stærsta hraun sem runnið hefur á jörðinni á sama tímabili.

Þótt dregið hafi úr gosinu þá er jarðskjálftavirkni og hraunflæði þó enn mikið í samanburði við þau eldgos sem orðið hafa á Íslandi í yfir hundrað ár. Ef þróunin verður með sama hætti og verið hefur mun bæði sig Bárðarbungu og eldgosið í Holuhrauni halda áfram í að minnsta kosti nokkra mánuði, er mat vísindamannaráðs almannavarna.



**STÓRGOS** Eldgosið mun halda áfram langt inn á nýtt ár, ef að líkum lætur. MYND/MARTIN RIISHUUS

Komið og gerið frábær **jóla**innkaup!

## RÝMINGARSALA

<b>Bolir</b> Verð frá: <b>500,-</b>	<b>Háskólapeysur</b> Verð frá: <b>1.500,-</b>	<b>Hettupeysur</b> Verð frá: <b>1.900,-</b>	<b>Jakkar</b> Verð frá: <b>4.900,-</b>
<b>Húfur</b> Verð frá: <b>500,-</b>	<b>Handklæði með ísaumaðri mynd</b> Verð frá: <b>1.500,-</b>	<b>Töskur</b> Verð frá: <b>500,-</b>	<b>Gjafavara</b> Verð frá: <b>300,-</b>

Höfðabakki 9 **Tanni**  
Opíð mánudag til föstudaga frá kl. 9:00 - 18:00  
Lau. frá kl. 11:00 - 17:00 og sun. frá kl. 13:00 - 17:00



Lóðir á föstu verði

## Framtíð í Úlfarsárdal

Reykjavík býður tilbúna lóðir á föstu verði í Úlfarsárdal sem er í uppbyggingu með vaxandi þjónustu, en þar mun á næstu árum rísa miðstöð skóla, menningar og íþróttar.

Skoðaðu möguleikana og starfsmenn eigna- og atvinnuþróunar leiðbeina þér með ánægju.

www.reykjavik.is/lodir



Vissir þú að...

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á nægum svetni

## Segir innistæðu fyrir lægra matarverði

Formaður VR segir að sterkara gengi krónunnar skili sér ekki í lægra vöruverði. Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu bendir á að verðlag í landinu hafi lækkað á árinu. Framkvæmdastjóri Haga segir verðlag hafa verið stöðugt.

**NEYTENDUR** Styrking krónunnar hefur ekki skilað sér í lægra verði dagvöru. Þetta segir Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR stéttarfélag, í grein sem birtist í næsta VR blaði.

„Á tímabilinu lækkaði gengisvísitalan um 11% (12,4% styrking gengis). Matarverð eða verð á dagvöru hækkaði á sama tímabili um 1,8% og verð á innfluttri mat- og drykkjarvöru lækkaði um 0,6% samkvæmt mælingum Hagstofunnar,“ segir Ólafía í greininni.

Ólafía segist sjá fátt sem bendir til þess að styrking krónunnar hafi skilað sér í lægra matarverði. „Og það er í takt við það sem við neytendur sjáum í buddunni um hver mánaðamót,“ segir Ólafía. Hún spyr því þá sem halda því fram að styrking krónunnar hafi skilað sér í lægra verði á nauðsynjavörum hvar ávinningurinn sé.

„Í umræðunni hefur því oft verið haldið fram að útgjöld til matvæla séu sambærileg hjá öllum heimilum, burtséð frá tekjum. Það er ekki allskostar rétt. VR hefur bent á að þeir sem eru á lægri launum verji hlutfallslega meira af sínum ráðstöfunartekjum í matarinnkaup en þeir sem hæstu launin hafa, eins og Útgjaldarannsókn Hagstofunnar sýnir,“ segir Ólafía í grein sinni. Hún segir að tekjuhæstu heimilin verji að meðaltali 10,7% ráðstöfunartekna sinna í mat- og drykkjarvöru en þau tekjulægstu 17,6%.


Hagnaður Haga, sem rekur matvöruverslanirnar Bónus og Hagkaup, nam rúmum tveimur milljörðum króna á tímabilinu mars til ágúst síðastliðinn. Þetta má sjá í árshlutauppgjöri sem var kynnt síðla í október. Finnur Arnason, forstjóri fyrirtækisins, sagði við það tilefni að það væri stöðugleiki í verðlagi og tekjuvöxtur lítill.



**VILL MEIRI LÆKKUN MATARVERÐS** Ólafía B. Rafnsdóttir segir þróun matarverðs ekki hafa fylgt styrkingu krónunnar.

### GENGI KRÓNUNNAR OG PRÓUN MATARVERÐS

janúar 2012 - september 2014



Hann sagði að styrking krónunnar kæmi glögg fram í því uppgjöri enda væri framlegðin óbreytt.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir í samtali við Fréttablaðið það vera alveg ljóst að gengi krónunnar hafi afgerandi

áhrif á verðlagið. Hann bendir á tölur Hagstofunnar varðandi verðlag máli sínu til stuðnings. Tólf mánaða verðbólga var eitt prósent í nóvember, en lækkunin skýrist að mestu af lækkun flugfargjalda og lægra olíuverði.

jonhakon@frettabladid.is

Pálmi Haraldsson og fleiri voru sýknaðir af endurgreiðslukröfu þrotabús Fons:

## Sleppa við 4,2 milljarða greiðslu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði á fimmtudag félagið Matthews Holding S.A., Pálma Haraldsson, oft kenndan við Fons, og Jóhannes Kristinnson af kröfu þrotabús Fons um endurgreiðslu á arðgreiðslu upp á 4,2 milljarða króna frá árinu 2007.

Þrotabúið krafðist endurgreiðslunnar á þeim grundvelli að annmarkar hefðu verið á framkvæmd úthlutunar arðsins, þar sem fjárhagsstaða félagsins hefði ekki boðið upp á slíka greiðslu.


Hæstiréttur taldi sýnt fram á

að nægur hagnaður hefði verið af rekstri félagsins árið 2006 og ekki hefði verið leitt í ljós að svo miklum arði hefði verið úthlutað úr félaginu að andstætt hefði verið góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar.

Þannig þurfa þeir Pálmi og Jóhannes ekki að endurgreiða þrotabúinu þessa fjárhæð.

Fons var tekið til gjaldþrotaskipta í apríl árið 2009 en lýstar kröfur í þrotabúið námu samtals 39,8 milljörðum króna.

- fbj



**4,2 MILLJARÐAR** Hæstiréttur taldi að nægur hagnaður hefði verið í rekstri Fons til að greiða út 4,2 milljarða í arð.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# VIÐ ERUM UNDIRSTAÐAN



Fólk í almannáþjónustu vinnur mikilvæg störf um land allt og er undirstaða þess samfélags sem við búum í. Opinberir starfsmenn veita okkur umönnun og hjúkrun, gæta öryggis, mennta og gæta barnanna okkar og sinna allri grunnþjónustu samfélagsins.

Það er hagur okkar allra að grunnstoðirnar séu sterkbyggðar. Hvetjum stjórnvöld til að efla almannáþjónustuna í stað þess að veikja hana. Styðjum við og verum stolt af því fólki sem þjónar okkur í fjölbreyttum störfum hjá hinu opinbera.



## Fleiri gestir í Hafnarfirði: Ferðamönnum fjölgaði hratt

**HAFNARFJÖRÐUR** Ferðamönnum í Hafnarfirði hefur fjölgað mikið. Nærri 67 þúsund erlendir ferðamenn höfðu viðkomu í Hafnarfirði sumarið 2014, 46 prósentum fleiri en sumarið 2011.

Þetta sýnir könnun sem fyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar gerði í sumar fyrir Hafnarfjarðarbæ. Um 15 prósent erlendra ferðamanna sem komu til Íslands sumarið 2014 höfðu einhverja viðdvöl í Hafnarfirði.

-kbj

## Fellibylurinn Hagupit heldur áfram för sinni yfir Filippseyjar en tæp milljón hefur yfirgefið heimili sín: Yfirvöld búast við flóðum og skriðuföllum

**FILIPPSEYJAR** Fellibylurinn Hagupit gekk yfir austurhluta Filippseyja í gær með töluverðu tjóni.

Almannavarnir í landinu höfðu gefið út viðvaranir fyrir helgi en þá mældist fellibylurinn í styrkleikaflokki fimm sem jafnframt er mesti styrkur samkvæmt Saffir-Simpson skalanum. Er hann kom að landi hafði vindhraði minnkað niður í rúma 50 metra á sekúndu og taldist hann þá í þriðja flokki.

Um 900 þúsund manns höfðu yfirgefið heimili sín í kjölfar við-

varananna en aðeins er ár síðan fellibylurinn Haiyan gekk yfir eyjarnar með gífurlegu mannfalli og eyðileggingu. Talið er að vindhraði muni halda áfram að minnka en mikil rigning veldur yfirvöldum hugarangri. Gert er ráð fyrir að sólarhringsúrkomu verði í kringum 400 millilítra og eru margir hræddir um að skriður muni falla í kjölfar vætunnar.

Fjögur dauðsföll hið minnsta hafa verið rakin til Hagupit og

fjöldinn allur hefst nú við í hjálparstöðvum. Erfiðlega gengur að koma hjálpargögnum til bágstaddir en samgöngur, bæði á landi og í lofti, liggja niðri. Hermenn vinna nú að því að hreinsa vegi og flugvelli til að hjálparstarf geti hafist.

Hagupit mun halda áfram för sinni vestur yfir eyjarnar og ganga yfir að tveimur dögum liðnum. Talið er að hann fari yfir höfuðborgina Maníla í dag og verði í nágrenni hennar fram á kvöld.

-jõe



**EYÐILEGGING** Hagupit skyldi eftir sig slóð eyðileggingar en þessi maður missti til að mynda húsið sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# GEFÐU GARÐ



## GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis matjurtagarð, hænu, geit, brunn, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

[www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is)

 **Hjálparstarf  
kirkjunnar**



**FORMENN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson kynntu frumvarp ríkisstjórnarinnar um skuldaleiðréttingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Leiðréttingin bara að hluta til örorkuþega

Örorkulífeyrisþegum finnst þeir hafa gleymst. Geta ekki nýtt sér úrræði um að nota hluta tekna sinna inn á lán skattfrjálst líkt og þeir sem eru á vinnumarkaði.

**HÚSNÆÐISMÁL** Örorkulífeyrisþegar geta ekki nýtt sér úrræði ríkisstjórnarinnar um að nota hluta tekna sinna skattfrjálst inn á höfuðstól fasteignaveðlána sinna.

Það úrræði ríkisstjórnarinnar að veita landsmönnum heimild til að færa séreignasparnað sinn inn á höfuðstól fasteignalána nýttist aðeins þeim sem eru á vinnumarkaði.

Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar, telur að ekki ríki jafnræði milli þeirra sem vilja greiða í séreignasparnað, hvort sem þeir eru örorkuþegum eða ekki. Hann telur að lögin hafi ekki verið hugsuð nógu langt til þess að gæta jafnræðis á meðal allra aðila.

„Að mínu mati á ekki að banna örorkulífeyrisþegum að greiða að hámarki 4 prósent tekna sinna í séreignasparnað vilji þeir það. Við erum heldur ekki að fara fram á mótframlag, heldur aðeins að við getum nýtt okkur þetta úrræði,“ segir Bergur Þorri.

Aðgerðir núverandi ríkisstjórnar til skuldaniðurfellingar verðtryggðra húsnæðisskuldna eru tvíþættar.

Annars vegar er niðurfærslan sjálf og einnig heimild til að nota séreignasparnað sinn inn á húsnæðislán. Heimilt er upp að vissu hámarki að ráðstafa greiddum viðbótarlífeyrisparnaði til að greiða inn á höfuðstól veðlána sem tekin voru vegna kaupna á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Heimildin nær bæði til eigin framlags launþega og framlags launagreiðanda.



„Að mínu mati á ekki að banna örorkulífeyrisþegum að greiða að hámarki 4

prósent tekna sinna í séreignasparnað, vilji þeir það. Við erum heldur ekki að fara fram á mótframlag, heldur aðeins að við getum nýtt okkur þetta úrræði.“

Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar.

Greiðslur í séreignasjóði eiga alfarið að fara í gegnum launagreiðanda og ekki er hægt að greiða sjálfur í séreignasjóð og færa til frádráttar frá tekjustofni. Tryggingastofnun greiðir út lífeyrisgreiðslur og samkvæmt lögum eru greiðslur Tryggingastofnunar ekki laun. Því er ekki hægt að greiða í séreignasjóði af örorkugreiðslum.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun áttu 8.823 örorkulífeyrisþegar fasteign í desember árið 2013. Því er hér um nokkurn fjölda einstaklinga að ræða sem nær ekki að nýta sér þetta úrræði ríkisstjórnarinnar.

sveinn@frettabladid.is



## Stilling / Lagerstjóri

Vegna aukinna verkefna og skipulagsbreytinga óskar Stilling eftir að ráða drifandi og framsýnan einstakling í starf lagerstjóra.

Viðkomandi mun leiða uppbyggingu lagers fyrirtækisins og stýra innleiðingu nýs vorustjórnanarkerfis. Um framtíðarstarf er að ræða.

Sjá nánari lýsingu á starfinu á heimasíðu Capacent,  
[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

 **capacent**




# punkta- PARTÍ



## Tilvalið í jólapakkann fráboer tilboð fyrir N1 korthafa

Tilboðsvörur fást á  
þjónustustöðvum N1  
til 6. janúar 2015  
eða meðan  
birgðir endast.

### Frozen hárbók



**1.990 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
3.990 kr.

Punktar gilda: **×2**

### Kjöthitamælir



**4.990 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
7.990 kr.

Punktar gilda: **×3**

### Skrefamælir



**8.900 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
14.900 kr.

Punktar gilda: **×6**

### Latabæjarspilið



**4.990 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
6.990 kr.

Punktar gilda: **×2**


### Frozen klukka



**490 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
2.490 kr.

Punktar gilda: **×2**

### Vinur minn vindurinn



**1.495 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
3.495 kr.

Punktar gilda: **×2**

### Anthón Berg konfekt



**990 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
2.990 kr.

Punktar gilda: **×2**

### Playmo taska

Riddari eða fatabúð




**1.990 kr. stk.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
4.990 kr.

Punktar gilda: **×3**

### CD

Stefán Hilmarsson – Í desember




**1.590 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
3.590 kr.

Punktar gilda: **×2**

### CD

Skálmöld – Með vættum



**990 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
2.990 kr.

Punktar gilda: **×2**

### Coke

4×2 l



**1.000 punktar**  
Almennt verð:  
1.660 kr.

### Baby Born dúkka



**3.890 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
6.890 kr.

Punktar gilda: **×3**

### Mix & Go blandari



**4.990 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
9.990 kr.

Punktar gilda: **×5**

### DVD

BBC Africa




**1.990 kr.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
3.990 kr.

Punktar gilda: **×2**

### DVD

Harrý og Heimir eða Rio 2



**990 kr. stk.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
2.990 kr.

Punktar gilda: **×2**

### LEGO

Hundasnyrtistofa eða torfærubíll



**3.990 kr. stk.**  
+1.000 punktar  
Almennt verð:  
6.990 kr.

Punktar gilda: **×3**

## FME og Sí starfa saman: Lagi komið á samvinnuna

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn endurnýjuðu í byrjun mánaðarinnar samstarfs-samning sinn og gengu um leið frá samkomulagi um framkvæmd lausafjareftirlits lánastofnana.

„Markmið samstarfssamningsins er að formbinda samvinnu og upplýsingaskipti stofnananna og samhæfa viðbrögð við kerfisáhættu á vettvangi fjármálastöðugleikarás,“ segir í tilkynningu stofnananna.

- óká

## Líkt og fyrri ár prýðir jólaórói Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra Óslóartréð: Giljagaur er jólaórói ársins 2014

**SAMFÉLAGSMÁL** Í gær voru ljósin tendruð á staðgengli Óslóartrésins á Austurvelli en upprunalega tréð skaddaðist í óveðri því er gekk yfir landið fyrir rúmri viku. Ljósin eru ekki eina skrautið sem prýðir tréð en að auki má þar sjá jólaóróa Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (SLF).

Órói þessa árs hefur fengið nafnið Giljagaur og er sá núndi í röð styrktarfélagsins. Að þessu sinni var það Linda Björg Árnadóttir sem hannaði óróann og

Bubbi Morthens samdi kvæði sem flutt var við athöfnina af Matthíasi Löve, nemandi í Hagaskóla.

Sala á Giljagaur hófst á föstudag og stendur yfir í tvær vikur. Upplýsingar um söluaðila um allt land má finna á heimasíðunni jolaoroinn.is en jafnframt er hægt að kaupa óróann á skrifstofu SLF að Háaleitisbraut 13. Þar er einnig hægt að nálgast óróa fyrir ára.

Allur ágóði af sölu óróans rennur til verkefna í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

- jóe



**HÖNNUÐUR OG SKÁLD** Linda og Bubbi lögðu hönd á plóg. MYND/SLF

## Lífeyrisgreiðslur IKEA: Hálf milljón í eftirlaunabónus

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn í fullu starfi hjá IKEA í Svíþjóð fá í ár 27 þúsund sænskar krónur eða tæplega hálf milljón íslenskra króna í bónus sem greiddur verður þegar þeir fara á eftirlaun.

Starfsmenn IKEA í Garðabæ fá ekki þessar greiðslur því verslunin tilheyrir ekki IKEA-keðjunni. Að sögn framkvæmdastjóra rekstrarfélags IKEA fengu þeir hins vegar 5 prósent kauphækkun 1. nóvember.

- ibs



**VELKOMINN** Francois Hollande er í tveggja daga heimsókn í Kasakstan. NORDICPHOTOS/AFP

Hermaður býður forsetana velkomna með glæsibrag:

## Forseti Frakklands heillaður

**KASAKSTAN, AP** Francois Hollande, forseti Frakklands, fékk góðar móttökur þegar hann var boðinn velkominn til Astana, höfuðborgar Kasakstans, fyrir helgi.

Hollande er hér ásamt Nursultan Nazarbayev, forseta Kasakstans. Kasakskur hermaður býður forsetana velkomna með glæsibrag og virðist sem Hollande kunni vel að meta viðtöknar. Hollande, sem er þriðji forseti Frakklands til að heimsækja Kasakstan, var í tveggja daga heimsókn í landinu.

- glp

## Eiðamastursleiftrín á borð útvarpsstjóra

Bæjarstjóri Fljótshéraðs hitti loks útvarpsstjóra til að ræða áralangt ónæði af bilanagjörnum öryggisljósum á langbylgjumastrinu á Eiðum. Íbúar eru uppgefnir á blikkljósum sem iðulega tapa takti og senda krampakennd leiftur yfir Héraðið.

**UMHVERFISMÁL** „Það er ekki komin niðurstaða en menn eru með á því að við þessu þarf að gera eitthvað,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshéraðs, sem rætt hefur við útvarpsstjóra um miklar ljóstruflanir frá langbylgjumastrinu á Eiðum.

Héraðsbúar hafa kvartað undan miklum styrkleika og krampakenndu blikki flugöryggisljósanna í langbylgjumastrinu nánast frá því það var formlega tekið í notkun fyrir fimmtán árum. Bæjaryfirvöld hafa fengið fjölmargar kvartanir í árunna rás og tekið undir þær allar en úrbætur hafa látið á sér standa.

Fyrir níttján mánuðum óskuðu bæjaryfirvöld eftir að útvarpsstjóri kæmi austur til fundar. Af því varð aldrei en fyrir tíu dögum hitti Björn bæjarstjóri loks Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóra í Reykjavík.

„Það er ákveðin krafa um hvernig þessi ljós þurfi að vera og það sem við erum að kanna núna er hvort það er hægt að fá flugmálafyrirvöld til að samþykkja einhverja mildari útfærslu. Þeir eru allir af vilja gerðir að bregðast við því,“ segir Björn sem kveður fundinn með útvarpsstjóra hafa verið ágæt. „Það er verið að skoða hvort við finnum ekki leið sem gæti orðið ásættanleg.“



**Í MASTRINU** Ekki er hlapið að því að gera við öryggisljós sem vara eiga flugmenn við hinu 220 metra háa langbylgjumastri á Eiðum.

Björn segist einnig hafa rætt við starfsmann Isavia um að finna lausn. „Ljós sem lýsir einfaldlega stöðugt væri betri kostur en þetta,“ segir bæjarstjórinn.

„Sem fyrr segir er vandamálið ekki nýtt af nálíni. „Ljósin eru iðulega ekki í takti og auk truflunar við fólk er þetta ástand óþolandi ljósmengun,“ bókaði umhverfisráð Austur-Héraðs árið 2004 eftir árangurslausar ábendingar til RÚV árin á undan.

Sagt var frá því í DV í mars 2004 að gluggar á fjósum væru bygðir svo að kýr mjólkuðu. „Þetta er eins og diskótek,“ lýsti Sigurður Ragnarsson, þáverandi formaður umhverfisráðs sveitarfélagsins.

„Þetta er bara eins og hjá vitleysingum,“ sagði Þórhallur Pálsson, arkitekt á Eiðum, sem sendi kvörtunarbref til útvarpsstjóra fyrir þremur árum. Ljósin væru hreinlega stórfurðuleg í sínum krampakennda takti.



Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshéraðs.

„Ljós sem lýsir einfaldlega stöðugt væri betri kostur en þetta.“

Í framhaldi af samtali við Þórhall í Fréttablaðinu var rætt við Kristján Benediktsson, verkfræðing hjá Ríkisútvarpinu. Hann sagði ljósin vera frá bandarísku fyrirtæki og að í þeim væri hönnunargalli. „Ameríkani sem hjálpaði okkur að læra á ljósin og gera við þau sagði að fyrirtækið hefði takmarkaðan áhuga á því að búa til betri ljós því það væru svo góð viðskipti í kringum viðhaldið,“ sagði Kristján við Fréttablaðið 1. desember 2011.

gar@frettabladid.is

Beltone **First**™

Snjallara heyrnartæki



Nýja Beltone **First**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

heyrnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc. skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

## Jólauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 8. desember kl. 18  
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Sigurbjörn Jónsson

Á uppboðinu verður gott úrval verka samfímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

**Forsýning í Gallerí Fold**  
mánudag kl. 10–17

**Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is**

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

**GRÝLUSONUR** Líklegt er að jólasveinn þessi, eða bræður hans, verði á vegi gesta árlegrar jólasýningar Árbæjarsafns.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólasýningin hófst í gær og verður opin á aðventunni til jóla: **Jólahald fyrri ára á Árbæjarsafni**

**MENNING** Jólasýning Árbæjarsafns var opnuð í gær en hún verður opin fram að jólum. Á sýningunni er undirbúningur jólaanna sýndur eins og hann var hér áður fyrr. Sýningin hefur farið fram í aldarfjórðung og er ómissandi í jólaundirbúningi margra.

Meðal þess sem boðið er upp á er að skera laufabrauð, búa til tólgarkerti á gamla mátann og jólasveinar verða á vappi. Hangikjöt og skata eru á boðstólum sem og aðrar jólalegar veitingar.

- jóe

# Upplifun

Mercedes-Benz M-Class er einstakur lúxusjeppi sem er búinn 4MATIC aldrifskerfinu. Hann fæst meðal annars með hinu byltingarkennda Active Curve kerfi sem eykur þægindi og öryggi á miklum hraða, í beygjum og í torfærum. Með AIRMATIC búnaðinum má auka veghæð bílsins með einum rofa. Dráttargetan er upp á 3.500 kg og vinsælasta útfærslan er 258 hestöfl.

Komdu í Öskju á Krókhálsi 11 og upplifðu reynsluakstur á glæsilegum M-Class



Mercedes-Benz

*Hljójar jólaþjófur*

**Jólaþjófurinn fæst í Ellingsen**



**COLUMBIA POWDERLITE BARNA**  
Margir litir. Stærðir XXS-XL

**12.990 KR.**



**COLUMBIA GO TO HOODED JACKET**  
Hvít, svört, fjólublá og bleik. Stærðir XS-XL

**29.990 KR.**



**DIDRIKSONS MELKER ÚLPA**  
Blá, græn og svört. Stærðir S-3XL

**29.990 KR.**



**Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3  
[ellingsen.is](http://ellingsen.is)



**1 ÓEIRÐIR Í GRIKKLANDI** Óeirðir brutust út í sex borgum Grikklands um helgina. Sex ár voru frá því að unglingurinn Alexis Grigoropoulos var skotinn til bana af lög-  
reglumönnum en í kjölfarið logaði Grikkland. Minningarathafnir um Grigoropoulos leystust fljótt upp í áflog milli óeirðalögreglu og anarkista. Kveikt var í bílum,  
bönkum og dómkirkju Apenu. Tæplega 300 manns voru handteknir í kjölfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



ÁSTAND HEIMSINS



**2 MÓTMÆLI Á HAÍTÍ** Fjöldi manns krafðist afsagnar Michel Martelly, forseta Haítí, og Laurent Lamothe forsætisráðherra. Mótmælin, sem fóru fram á laugardag, voru friðsamleg í fyrstu en áður en yfir lauk höfðu rúður verið brotnar og kveikt í því sem hendi var næst. Krafa mótmælenda er að boðað verði til kosninga og lýðræði aukist á kostnað spillingar.



**4 JAPANAR Í JÓLASVEINAHLAUPI** Víðs vegar um heiminn eru haldin svokölluð jóla-  
sveinahlaup. Þar kemur fólk saman, klætt sem jólasveinar, og skokkar stuttar vega-  
lengdir saman. Síðurinn hefur skotið rötum í fjölda bandarískra borga og mörgum litlum  
bæjum í Evrópu. Tilgangurinn með hlaupinu er að safna fé fyrir bágstöðð börn. Í höfuð-  
borg Japan komu um 400 manns saman og hlupu 2,5 kílómetra til styrktar góðu málefni.



**3 HEFÐUM HALDIÐ VIÐ** Sú hefð hefur skapast að Nóbelsverðlaunahafar hvers árs  
hittist í Stokkhólmi og riti nafn sitt á stóla. Stólarnir eru síðan geymdir á Nóbels-  
safninu þar í borg. Hér sést Shuji Nakamura merkja sinn stól en hann hlaut verðlaun í  
eðlisfræði ásamt Isamu Akasaki og Hiroshi Amano fyrir að búa til bláar ljósdíóður.



**5 DANSAD Í RÍÓ** Fjöldi fólks kom saman á aðalstarstöð Rio de Janeiro til að  
halda upp á dag sömbunnar, 2. desember. Hátíðarhöld tengd deginum fóru  
fram um helgina. Fáeinum lestum var breytt í tónleikastaði sem síðan fluttu gesti  
á enn fleiri tónleika. Samba er rötgróin í menningu brasilísku þjóðarinnar en fyrstu  
heimildir um dansinn eru frá 17. öld.

# TILBOÐSDAGAR!



## Islandia borðstofuhúsgögn

Mikið úrval af skápum, hillum, sjónvarpsskápum, sófaborðum, stækkanlegum borðstofuborðum o.fl.. Fáanleg í eik og hnotu.

Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 319.000,-, nú 255.200,-. Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 298.000,-, nú 238.400,-. Glerskápur 110 x 200 cm, kr. 329.000,-, nú 263.200,-. Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 323.000,-, nú 258.400,-. Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 429.000,-, nú kr. 343.200,-. Borðstofustóll í leðri, 36.000,-, tilboðsverð (-45%) kr. 19.800,-.

# HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16 og sunnudaga 13 - 16.

## TIL SÖLU OG/EÐA LEIGU - MÖRKIN 1 (SKEIFAN)



Til sölu 1167,8 fm verslunar- og lagerhúsnæði á þessum frábæra stað. Góð aðkoma er að húsinu og fjöldi bílastæða, mikið auglýsingagildi.

Verslunarhlutinn er 314 fm. Hann skiptist í stóran sal með góðri lofthæð, tvær skrifstofur, eldhús með vandaðri innréttingu og borðkrók og tvö flísalögð salerni. Flísar og parket á gólfi. Hæðin er snyrtileg og nýlega uppgerð. Leigusamningur er um verslunarhlutann til 10 ára.

Lagerrými er 854 fm. Hluti þess hefur verið innréttaður sem verslunar og skrifstofuhúsnæði á mjög smekkleган hátt. Hinn hluti rýmisins er einn stór salur sem gæti hentað undir ýmis konar starfsemi eins og t.d. lager, léttan iðnað eða markað. Lofthæðin er 4 metrar, góð aðkoma og góðar innkeyrsludyr.

Eignin er í afar góðu viðhaldi og var máluð að utan sumarið 2013. Lóð og bílaplan afar snyrtilegt.

JÁS fasteignir ehf. Árni Helgason hdl. og löggildur fasteignasali.

Upplýsingar veitir Arnar Sölvason í síma 896-3601 - [arnar.solva@gmail.com](mailto:arnar.solva@gmail.com)



Misbeiting opinbers valds er sorglega algeng:

## Gamaldags pólitík

Lekamálinu svokallaða er næstum lokið. Opinberu valdi var misbeitt til að brjóta á einstaklingum og flestir þeirra sem tengdust málinu, beint eða óbeint, hafa þurft að axla ábyrgð, bæði pólitískt og með dómi. Reyndar er ekki útséð með hvort einhverjir embættismenn verða einnig dregnir ofan í dikið en tíminn mun leiða það í ljós.

En það er því miður sorglega einfaldningslegt að halda að slíkt muni ekki koma fyrir aftur. Það sem gerði lekamálið sérstakt var að tjón einstaklinganna sem urðu fyrir lekanum var svo bersýnilegt og augljóst. Mun algengara er hins vegar að opinbert vald sé misnotað þannig að einhver hafi af því hagnað; fjárhagslegan, efnislegan eða pólitískan. Framtíðartjón þeirra sem verða fyrir

barðinu á slíkri misbeitingu; missa af stöðu, embætti, verkefni og svo framvegis, er hins vegar yfirleitt óljóst og illmælanlegt.

Lekamálið mun ef til vill ekki gerast með sama hætti og á sama skala í nánustu framtíð, en slík misbeiting opinbers valds er því miður algeng og líklegast mun algengari en við höldum. Þannig var það einmitt síðasta verk forsætisráðherra sem dómsmálaráðherra að setja reglugerð um lögregluumdæmi lögreglustjóra, um að sveitarfélagið Hornafjörður skuli teljast til umdæmis lögreglustjórans á Austurlandi. Sigmundur færði þannig lögregluna á Höfn úr Suðurkjördæmi í Norðausturkjördæmi – sitt kjördæmi.

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



Formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sagði ráðstöfunina lykta af „gamaldags hreppapólitík“ í fréttum Stöðvar tvö um helgina. „Þetta er ákvörðun sem gengur gegn allri vinnu sem unnin hefur verið, hann þarf að útskýra hana,“ sagði Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjarnefndar Alþingis, í samtali við Fréttablaðið. Þeir sem hafa tjáð sig um málið segja mikla vinnu standa að baki ákvörðuninni að hafa lögregluna á Höfn í Suðurkjördæmi. Undirbúningur hefur staðið yfir frá sumri og flutningurinn var til kominn vegna frumkvæðis frá innanríkisráðuneytinu. Vegna þessa var búið að fastsetja vaktir lögreglu og hjúkrunarfólks, lögreglustjóri Suðurlands heimsótti bæjarstjórn í haust og ræddi fyrirkomulagið, skipurit, almannavarnir og fleira varðandi löggæsluna. Nýr innanríkisráðherra hyggst skoða málið og taka í kjölfarið sjálfstæða ákvörðun um hvort afturkalla eigi reglugerð Sigmundar.

Misbeiting opinbers valds getur þannig einfaldlega birist í því að ákvarðanir eru teknar án þess að að baki þeim standi fagleg vinna sérfræðinga og frekar að hvatar þeirra séu pólitískir, stjórnámalöngum til hagsbóta. Þannig fá þeir sem eru inn undir hjá stjórnámalöngum sínu framgengt, aðrir ekki.

Málið er ekki þannig vaxið að allt fari á hliðina eins og gerðist í lekamálinu. Enginn mun hljóta af því persónulegan skaða. Hins vegar kristallast í því pólitík sem árið 2014 á ekki að sjást. Hreppapólitík er réttnefni. Stjórnámalöngmenn eru kjörnir í sínum kjördæmum og ekkert er að því að þeir reyni að beita sér fyrir því að þeirra sveitir njóti sannngirnis og ekki sé á þær hallað. Ráðherrar hafa hins vegar í gegnum tíðina beitt sér miskunnar- og grímulaust fyrir sérhagsmunum kjördæma sinna með sama hætti og forsætisráðherra gerði í sæti dómsmálaráðherra. Það er gamaldags pólitík sem á ekki að sjást og ef lekamálið á að hafa kennt okkur eitthvað þá er það það að misbeiting opinbers valds til hagsbóta fyrir ráðherra er ólífanleg.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egiðsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Gleymdi Davíð Geir?

„Þannig sátu Ólafur Ragnar Grímsson og Jón Sigurðsson báðir sem ráðherrar í ríkisstjórn án þess að eiga sæti á þingi þegar það gerðist. En báðir voru þeir flokksformenn og þurfti enginn að efast um stjórnámalalega ábyrgð þeirra, enda reyndi hvorugur þeirra að skjóta sér undan henni,“ þannig skrifar Davíð Oddsson í leiðara Morgunblaðsins af því tilefni að utanþingsráðherrann, Ólöf Nordal, sest nú í ráðherra stól. Davíð nefnir þáverandi formennina Jón og Ólaf Ragnar en gleymir, eða sleppir, að nefna fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, Geir Hallgrímsson, sem náði ekki kjöri til Alþingis þrátt fyrir að vera þá formaður Sjálfstæðisflokksins.

#### Ekki hrifinn af Gylfa og Rögnu

Davíð Oddsson fer einnig nokkrum orðum um þau Rögnu Árnadóttur og Gylfa Magnússon, sem sátu um tíma í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. „Þeir [ráðherrarnir] virtust stundum líta svo á að þar sem þeir sætu hvorki í umboði almennings né þingsins í ríkisstjórn væru þeir þar með ábyrgðarlausir af pólitískum athöfnum þeirrar ríkisstjórnar sem þeir sátu í. Virtust þeir telja sig gegna einhvers konar embættismannahlutverki þar og að pólitískir gerningar, sem framdir voru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans, sem hún studdist við, væru þeim óviðkomandi, þótt þeir sætu við ríkisstjórnarborðið þar sem ákvarðanir voru stimplaðar.“

#### Ekki nema von að spurt sé

Svandís Svavarsdóttir vill svör frá Bjarna Benediktssyni vegna sölu Landsbankans í Borgun, hvers vegna sölufélagið hafi verið lokað, hvort það hafi verið athugað að greiðslan sé sú hæsta mögulega og hvort uppi séu áform um að selja einnig 38 prósent eignarhlut Landsbankans í greiðslukortafyrirtækinu Valitor. Og ef svo sé hvort það verði einnig sett í lokað sölufélagi. Skal nú engan undra. Víst er að bankanum hefur ekki með nokkru móti tekist að svara, svo fólk nái að skilja svörin, hvers vegna ákveðið var að hafa sölnuna með þeim hætti sem gert var. Kannski tekst fjármálaráðherra betur.

sme@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Tveir milljarðar í nýja sjúklingaskatta

### FJÁRMÁL



Oddný G. Harðardóttir þingmaður Samfylkingarinnar

Stjórnarandstaðan hefur sameinast um breytingartillögur við fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Það er tilraun til að stöðva nokkrar verstu tillögur ríkisstjórnarinnar og meirihluta fjárlaganefndar sem margar hverjar veða að grunngildum samfélagsins sem áralöng sátt hefur ríkt um. Nemendur 25 ára og eldri eiga að halda rétti sínum til að stunda nám í framhaldsskólum, bæta á kjör öryrkja og eldri borgara, ekki á að ganga á rétt atvinnulausra til bóta, útvarpsgjald á að vera óskert og renna allt til RÚV eins og lög gera ráð fyrir. Í tillögnum er líka að finna mörg önnur réttlætis- og mannréttindamál. Einnig eru tillögur um framkvæmdir á ferðamannastöðum og til annarrar atvinnuuppbyggingar.

Í tillögum stjórnarandstöðunnar er lagt til að Landspítalinn fái fjármagn til að sinna nauðsynlegu viðhaldi á húsnæði. Lagt er til að rekstur spítalans verði styrktur svo hægt sé að vinna á biðlistum sem lengjast enn vegna læknaverksfalls og að komið verði til móts við vanda BUGL. Ef fjárlög taka ekki breytingum nú í desember þá mun kostnaðarþátttaka sjúklinga hafa aukist um 1.900 milljónir króna í tíð sitjandi ríkisstjórnar og það án þess að nein stefnumarkandi umræða hafi farið fram. Þetta er gert þrátt fyrir að næstum 4% landsmanna hafi neitað sér um heilbrigðisþjónustu vegna

→ Ef fjárlög taka ekki breytingum nú í desember þá mun kostnaðarþátttaka sjúklinga hafa aukist um 1.900 milljónir króna í tíð sitjandi ríkisstjórnar og það án þess að nein stefnumarkandi umræða hafi farið fram. Þetta er gert þrátt fyrir að næstum 4% landsmanna hafi neitað sér um heilbrigðisþjónustu vegna mikils kostnaðar árið 2012.

mikils kostnaðar árið 2012. Sambærilegt hlutfall á Norðurlöndum er nærri núlli og þangað eignum við að stefna.

Leynt og ljóst er verið að færa kostnað frá ríkinu til sjúklinga. Það er ekki gert í nauðvörn til að ná mikilvægu markmiði um hallalaus fjárlög. Þetta gerist núna þegar staða ríkissjóðs batnar ár frá ári og meðan að ríkisstjórnin tekur ákvarðanir sem leiða til minni tekna af auðlindum landsins. Þessa þróun þarf að stöðva strax. Annars fylgir enn meiri ójöfnuður og misskipting í kjölfarið.

Náum samstöðu um tillögu sameinaðrar stjórnarandstöðu um að hækka ekki gjöld á sjúklinga og tryggjum heilbrigðisþjónustu allra óháð efnahag.

# Þar kliða raddir tímans

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Fólk er ýmislegt og alls konar; það hefur ólíkar raddir. Það afgreiðir í búð og það klippir hár eða gerir út á dragnót; það skrifar bækur, spilar á trompet eða keppir í skíðagöngu; það heldur með Leeds í enska boltanum, hlustar á Rihönnu eða Arvo Pärt, leikur við hvern sinn fingur eða sér ekki út úr augnum fyrir tárnum; það stundar sjóninn, hannar nýja línu af lundastyttum, malar báta, býr til hatta, syngur í kór.

Við skiptumst ekki í tvær fylkingar, vinstri og hægri, með og á móti, heldur liggja leiðir okkar saman og sundur eftir ótal flóknum leiðum því að fólk er ýmislegt og alls konar og hefur ólíkar raddir inni í sér og kringum sig.

## Samfélag og tvístringur

En við eigum samfélag þó að við séum svona ólík. Samfélagsaðildinni fylgja margvíslegar sameiginlegar skyldur og réttindi – og einhvers konar samkennd: við eigum sögu; ljóta, fagra, fyndna, hræðilega, glæsta, auma. Við eigum sameiginlegar sögur og sagnir og alls konar tilvísanir hingað og þangað; við tölum flest þessa tungu, sem er svo sannarlega ein sérviskan í heiminum. Við eigum saman menningarverðmæti.

Sem sé: Við höfum komið okkur saman um ýmsa tilhögun við það að tala saman og leitast við að heyra hvert í öðru. Gefin eru út blöð og reknar útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar; við hittumst á Kjaftaklökkunni Facebook og til eru þau sem blogga eins og þau eigi lífið að leysa. Tæknin hefur tilhneigingu til að beina okkur í tiltekna menningarkvívár. Við sækjumst, eðli málsins samkvæmt, fremur eftir því að tengjast þeim sem við teljum okkur eiga samleið með, pólitískt og menningarlega, svo að við getum rætt hugðarefni okkar við skyldar sálir. Það er þægilegt.

En varasamt. Meðal þess sem ógnar samfélaginu nú á dögum, samfélagslegri vitund og hæfileikanum til að setja sig í spor annarra – samliðaninni sem er forsenda svo margt í síðuðu samfélagi – er tvístringurinn sem netlífinu fylgir. Hólmennskan. Við sjáum þetta til dæmis þegar fólk sem telur sig í menningarlegri miðju landsins, í miðbæ Reykjavíkur og svo fólk sem telur hjarta landsins slá í brjósti sér og býr utan Reykjavíkur, er að skiptast á skætingi með gagnkvæmu áhugaleysi um að setja sig í spor viðhrópandans.

Á netinu fer maður smám saman bara að heyra þær fréttir sem manni líkar vel að heyra og staðfesta þá hugmyndafræði og sýn sem maður hefur ræktað með sér í sínu hólf. Maður les

þessari stofnun. Það er honum og áhangendum hans kappsmál að grafa undan því mikla trausti sem Ríkisútvarpið nýtur meðal landsmanna eins og skoðanakannanir hafa þrífaldlega leitt í ljós. Þrátt fyrir átta hundruð Reykjavíkurbref í Morgunblaðinu, sem verða æ frekjulegri – og skringilegri – þá hafa þau skrif greinilega ekki orðið til annars en að auka traust og tiltrú almennings á Ríkisútvarpinu.

## Sundrungartákn íslensku þjóðarinnar

Ríkisútvarpið býr við linnulausar og samfelldar árásir frá óbilgjörnum öfgasinnum sem keppast við að verða sundrungartákn íslensku þjóðarinnar; ala sífelld á úlfúð og hatri. Þetta eru menn sem eru á launum við að ganga erinda tiltekinna hagsmunaafla í samfélaginu, ýmist á þingi eða á tilteknum fjölmiðlum. Fremstur þar í flokki er Davíð Oddsson sem nú er orðinn hjú hjá LÍÚ.

Engu er líkara en að hann telji sig orðinn sérstakan saksóknara í ímynduðu sakamáli gegn

þessari stofnun. Það er honum og áhangendum hans kappsmál að grafa undan því mikla trausti sem Ríkisútvarpið nýtur meðal landsmanna eins og skoðanakannanir hafa þrífaldlega leitt í ljós. Þrátt fyrir átta hundruð Reykjavíkurbref í Morgunblaðinu, sem verða æ frekjulegri – og skringilegri – þá hafa þau skrif greinilega ekki orðið til annars en að auka traust og tiltrú almennings á Ríkisútvarpinu.

Flestir Sjálfstæðismenn átta sig á því að þjóðin vill hafa þessa stofnun, hvort sem við erum vinstri sinnuð eða hægri sinnuð. Hvar sem við stöndum. Því að þetta er okkar stofnun, sem þjórnar almenningi en ekki sérhagsmunum, sinnir þjóðmenningu í víðasta skilningi en ekki stundarmarkaðsvörum, leitir sannleikans en gengur ekki erinda. Ríkisútvarpið er mikilsverður hluti af þeim innviðum íslensks samfélags sem viss öfl vilja veikja. Það ræktar samkennd okkar. Þar kliða raddir sem við myndum jafnvel ekki

heyra í annars. Þar heyrum við músík sem enginn sérstakur er að reyna að selja okkur en ástæða er til að halda á lofti. Þar býr þjóðarminnið og bætist við jafnt og þétt; það sem framleitt er núna í Ríkisútvarpinu verður einn góðan veðurdag að ómetanlegum menningarverðmætum.

Í útvarpinu kliða raddir tímans. Verðmæti stofnunarinnar er ekki bara í ómetanlegu segulbanda og myndasafni stofnunarinnar; það er líka í því óápreifanlega, sögunni, hefðinni, þekkingunni – samfelldunni. Ríkisútvarpið er sameign íslensku þjóðarinnar sem vill hafa öflugt almannaútvarp hér á landi þar sem fólk fær að starfa af fagmennsku og heilindum en þarf ekki að búa við stöðugar árásir frá frekjuhundum.

Árásirnar á Ríkisútvarpið jafngilda árásum á Árnastofnun eða Veðurstofuna. Þetta er eins og að vera andvígur Þjóðminjasafninu. Þetta er eins og að berjast fyrir því að Esjan verði lögð niður.

Ríkisútvarpið býr við linnulausar og samfelldar árásir frá óbilgjörnum öfgasinnum sem keppast við að verða sundrungartákn íslensku þjóðarinnar; ala sífelld á úlfúð og hatri. Þetta eru menn sem eru á launum við að ganga erinda tiltekinna hagsmunaafla í samfélaginu, ýmist á þingi eða á tilteknum fjölmiðlum. Fremstur þar í flokki er Davíð Oddsson sem nú er orðinn hjú hjá LÍÚ.

## LEIGUÍBÚÐIR FYRIR 60+

REYKJAVÍK | HAFNARFIRÐI | KÓPAVOGI



Sérhannaðar íbúðir með góðu aðgengi

Aðeins örfáar íbúðir eru lausar í Boðarþingi, Kópavogi.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á [greinar@visir.is](mailto:greinar@visir.is) og við komum henni á framfæri hið snarasta.

### Kostir við að búa í íbúðum Naustavöror:

#### Íbúðir

- langíma leigusamningar
- öryggisvöktun 24/7
- púttvöllur
- gönguleiðir í nágrenni
- innangengt í þjónustumiðstöð

#### Þjónustumiðstöð

- innisundlaug og pottar
- sjúkrapjálfun
- fjölbreytt afþreying
- hádegismatur
- hárgreiðsla o.fl.

Njóttum lífsins á efri árum

## NAUSTAVÖR

öryggi | afþreying | þjónusta

Frekari upplýsingar:  
Sími 585-9300 | [aldis@naustavor.is](mailto:aldis@naustavor.is)  
[www.naustavor.is](http://www.naustavor.is)









Heimild:  
Veðurspá miðvikudagsins 10. desember samkvæmt mbl.is.

**ÖRYGGI  
ALLAN  
HRINGINN**  
TOYO TIRES  
driven to perform

# Nú er Toyo í kortunum!

Toyo harðskeljadekkin hafa sannað sig við íslenskar aðstæður

Eitt helsta einkenni íslenska vetrarins er hversu snögglega hann sýnir sig með tilheyrandi breytingum á færð og öryggi. Þökk sé veðurfræðingunum okkar getum við oft haft vaðið fyrir neðan okkur í þeim efnum.

Nú eru umhleyplingar, snjókoma og hálka í kortunum víða um land og því bendum við á að það er akkúrat veður fyrir Toyo harðskeljadekk.

Spáðu í öryggi þitt og þinna með Toyo.

**Söluaðilar um land allt**

Upplýsingar í síma 590 2045 eða á [www.benni.is](http://www.benni.is)



- Fiskislóð 30, Reykjavík
- Grjótháls 10, Reykjavík
- Lyngás 8, Garðabæ
- Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ
- S: 561 4200



Sérfræðingar í bílum

- Hjólbarðaverkstæði Bilabúðar Benna, Tangarhöfða 8

S: 590 2045



PETTA GERDIST 8. DESEMBER 1980

## John Lennon var skotinn til bana



Hinn vinsæli tónlistarmaður og friðarsinni John Lennon féll í valinn þennan dag árið 1980. Það var geðsjúkur aðdáandi, Mark David Chapman að nafni, sem skaut hann fjórum skotum í bakið fyrir utan Dakota-bygginguna í New York, þar sem Lennon og Yoko Ono kona hans bjuggu. Þau voru að koma úr hljóðveri þar sem þau höfðu varið nokkrum klukkutímum í upptökur á nýju lagi Ono. Lennon hafði gefið Chapman eiginhandararitun sama dag.

Eftir árásina lagði Chapman frá sér byssuna og settist á gangstéttina þar sem lögregla handtók hann. Lennon var fluttur á Roosevelt-sjúkrahúsið, en sökum mikils blóðmissis lést hann á leiðinni þangað. Strax og fréttinni af láti hans var útvarpað safnaðist fólk saman fyrir utan heimili hans, baðst fyrir, söng lög hans og kveikti á kertum.



DWIGHT D. EISENHOWER

### MERKISATBURÐIR

- 1953** Dwight D. Eisenhower, forseti Bandaríkjanna, heldur annálaða ræðu um ágæti kjarnorkunnar.
- 1966** Gríska ferjan Heraklion sekkur í Eyjahaf. Um 200 manns láta lífið.
- 1971** Undirritað er samkomulag um stjórnmalasamband á milli Íslands og Kína. Ári síðar opna Kínverjar sendiráð í Reykjavík.
- 1974** Grískir kjósendur hafna því að taka aftur upp konungsveldi.
- 1987** Stofnuð eru samtökin Ný dögum um sorg og sorgarviðbrögð.
- 1991** Leiðtogar Rússlands, Hvíta-Rússlands og Úkraínu stofna Samveldi sjálfstæðra ríkja.
- 1991** Rúmenar samþykkja nýja stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu.
- 2006** Leikjatölvan Wii kemur út í Evrópu.



„Ég er svona skítsæmilegur á nokkur hljóðfæri en er ekki framúrskarandi á neitt. Ætla bara að syngja og kannski grípa í gítar og fá einhverja vini mína með mér.“

LEIKARINN „Ég er að hugsa um að halda tónleika, setja saman hljómsveit og taka nokkur lög fyrir vini og ættingja en ég ætla að leyfa jóla-stressinu að ganga yfir áður.“

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

## Ekkert farinn að örvænta

Pótt Björn Hlynur Haraldsson leikari fagni því í hjarta sínu að verða fertugur má hann ekki vera að því að halda upp á það í dag. Hann treystir á að tími gefist til smá giggs eftir jól.

„Ég hræðist ekki aldurinn og tek honum fagnandi. Er ekkert farinn að örvænta enn þá,“ segir leikarinn góðkenni Björn Hlynur Haraldsson spurður hvernig hækandi aldur fari í hann. Kappinn er fertugur í dag, skyldi hann ætla að halda upp á það?

„Ekki núna. Ég ætla að leyfa jóluunum að líða. Þannig hefur það nú oft verið með þennan dag. Þegar ég var yngri þá voru alltaf allir í prófum á þessum tíma og ekkert hægt að aðhafast. Ég hef verið að spá í hvernig ég ætti að halda upp á þetta afmæli. Ein hugmyndin gekk út á að taka fjölskylduna mína með til útlanda um jólin en ekki var tekið vel í það að fara af landi brott. Það verður kannski um fimmtugsafmælið. En ég hef dottið niður á hugmynd sem ég verð nú líklega að standa við ef ég nefni hana í blaðinu hjá þér. Ég er að hugsa um að halda tónleika, setja saman hljómsveit og taka nokkur lög fyrir vini og ættingja en ég ætla að leyfa jólastressinu að ganga yfir áður. Ég mun ekki

kalla það afmæli, bara kalla á fólk og spila nokkur lög.“

„Ertu liðtækur hljóðfæraleikari?“ „Ég er svona skítsæmilegur á nokkur hljóðfæri en er ekki framúrskarandi á neitt. Ætla bara að syngja og kannski grípa í gítar og fá einhverja vini mína með mér.“

Þegar Björn Hlynur varð þrítugur kveðst hann hafa haldið upp á afmælið í London. „Það var þegar við vorum að sýna Rómeó og Júlíu á West End,“ rifjar hann upp. „Mér finnst ótrúlega stutt síðan.“

Hann situr ekki aðgerðarlaus leikarinn heldur er með mörg og krefjandi verkefni í gangi eins og hann lýsir. „Ég er að leika í Karitas í Þjóðleikhúsinu og svo erum við að fara í áframhaldandi tölur á kvikmyndinni minni Blóðbergi sem ég byrjaði að taka í ágúst. Við tókum nokkra daga í byrjun janúar bara um allar trissur hér í Reykjavík og ég er líka að klippa efnið sem komið er í myndina. Einnig er ég að undirbúa leikrit sem ég ætla að sýna með vorinu sem ég

kalla Móðurharðindin. Ég er höfundur þess. Það er byggt á aðalleikurunum Árna Péttri og Kjartani Guðjónssonum og við í Vesturportu gerum í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Þetta fjallar um þá og fleiri í fjölskyldunni, meðal annars mömmu þeirra sem er mjög skemmtilegur karakter. Við ætlum að fara með Móðurharðindin í alla landshluta, jafnvel frumsýna úti á landi.“

Ekki nóg með það. Björn Hlynur er líka að leika í sjónvarpsseríunni Ófærð og á að vera mættur þar klukkan sex í fyrramálið, sunnudag. „Það verður byrjað í Reykjavík og svo verður farið á Siglufjörð og Seyðisfjörð, held ég, og treyst á að það verði ófærð. Ég var reyndar í annarri seríu í ár, hún er brek en var tekin á Reyðarfirði sem átti að vera í hlutverki Svalbarða en þar var aldrei neinn snjór. Það þurfti að búa til hvert snjókorn í vél, sem sýnir að það er ekki hægt að stóla á neitt á þessu landi, ekki einu sinni snjó – þó heitir þetta Ísland.“

gun@frettabladid.is

✝

Útför elskulegrar eiginkonu minnar,  
**SÓLVEIGAR ÁRNADÓTTUR**  
Gullsmára 9, Kópavogi,

fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi,  
þriðjudaginn 9. desember kl. 11.00.

Stefán Þórhallsson og fjölskylda



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,  
**SVERRIR ÚLFSSON**  
fyrrverandi bifreiðastjóri, Sóleyjaríma 1,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 3. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 11. desember kl. 13.00.

**Svandís Hallsdóttir**  
Hrafnhildur Sverrisdóttir  
Ragnar Sverrisson  
Ragna Sverrisdóttir  
Kolbeinn Sverrisson  
Sigrún Ólafsdóttir  
og barnabörn.

**Francisco Da Silva Chipa**  
Elsa Petra Björnsdóttir  
Guðmundur Árnason  
Þórunna Halldórsdóttir  
Skúli Lárus Skúlason



## Lög sem fólk vill heyra á aðventunni

Hátíðlegir aðventutónleikar verða haldnir í kirkjunni á Mosfelli í Mosfellsdal annað kvöld.

„Þetta eru árlegir tónleikar í litlu kirkjunni okkar hér í Mosfellsdal, þar ætla ég að syngja með blásarsæxtett. Við erum þar nú átjándu aðventuna í röð.“ Þetta segir söngkonan Sigrún Hjálmtýsdóttir, jafnvel betur þekkt sem Diddú, um tónleika í Mosfellskirkju á morgun, 9. desember klukkan 20.

Hópurinn samanstendur af tveimur klarínattleikurum, tveimur fagottleikurum, tveimur hornleikurum og að sjálfsögðu Diddú. „Dagskráin er fjölbreytileg og hátíðleg,“ lofar hún. „Þar verða meðal annars

norræn jólalög, ítalskar barokkaríur, gamall íslenskur sálmur, verk eftir Mozart og fleiri lög sem fólk vill heyra á aðventunni!“

Diddú segir tvo úr hópnum útsetja öll lögin og gæti þar ýmissa aðgengilegra söngva sem alla jafna heyrst ekki. „Annar útsetjaranna dvaldi í Vínarborg síðastliðið ár við grúsk á söfnum borgarinnar og nærliggjandi landa og fann ýmislegt sem verður flutt á tónleikunum,“ segir hún og getur þess að miðar séu seldir á skrifstofu Mosfellsbæjar og við inn-ganginn.



Í MOSFELLSKIRKJU Hópurinn ætlar meðal annars að flytja norræn jólalög, ítalskar barokkaríur og verk eftir Mozart.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LAMB OG BORD

Fyrirtækið BD, Barcelona design, hefur í mörg ár framleitt húsgögn eftir hugmyndum Salvador Dalí. Nú hefur BD framleitt borð í líki lambs. Aðeins tuttugu slík eru til og eitt svart.

Tilvalið í jólapakka grillarans



www.weber.is



**GÓÐ SLÖKUN** Nuddpúðann má nota á háls, bak, hendur og fætur.

MYND/PIETUR

## MINIWELL TWIST

**LOGY KYNNIR** Nuddpúðinn Miniwell Twist frá þýska gæðafyrirtækinu Casada hentar öllum, allt frá gigtveikum til íþróttafólks. Sjúkraþjálfarar nota púðann við endurhæfingu. Nuddpúðinn er á tilboði til jóla.

Þeir sem prófa Miniwell Twist nuddpúðann verða dolfallnir enda eru bestu meðmælin sem við fáum þau að fagmenn á borð við sjúkraþjálfara og nuddara nota púðann í meðferðum hjá sér," segir Margrét Sæberg nuddari, sem rekur fyrirtækið Logy ásamt manni sínum Guðmundi Hallbergssyni. Margrét var við nám í iðjuþjálfun í Danmörku þegar hún kynntist púðanum sem notaður var við endurhæfingu. „Við ákváðum að flytja þessa þýska gæðavöru til Íslands en strangar reglur eru hjá framleiðandanum þýska, Casada, um að aðeins einn umboðsaðili sjái um sölu á púðanum í hverju landi," lýsir Margrét en með því að selja púðann til fagaðila og viðskiptavina milli-liðalaust ná þau hjónin að bjóða hann á frábæru verði. „Það er gaman að segja frá því að við bjóðum púðann á besta verði í heiminum. Fólk hefur jafnvel ætlað að kaupa hann í Þýskalandi en uppgötvað að það fær púðann enn ódýrari hjá okkur," segir hún glaðlega.

Margrét og Guðmundur hafa unnið ótullega að því að kynna púðann á Íslandi frá árinu 2008. „Við höfum tekið þátt í fjölda sýninga, verið á bæjarhátíðum og á ganginum í Kringlunni. Þá komum við einnig í fyrirtæki sem óska eftir því," segir

Margrét. Margir hafa keypt púðann fyrir kaffistofur starfsmanna. „En bestur er hann heima í sófanum, já eða í jólapakkann hvort sem er til ástvina eða duglegra starfsmanna.“

Margrét segir eiginleika nuddpúðans fjölþætta og að hann nýtist við að nudda ýmis svæði líkamans, allt frá hálsi og baki til handa og fóta. „Nuddpúðinn hentar öllum. Bæði einstaklingum með vefjagigt, þeim sem þjást af migreni og íþróttafólki.“

Margrét ítrekar að fyrirtæki geti pantað kynningu á nuddpúðanum. Margrét mun kynna púðann í World Class í Laugum 9. og 10. desember frá klukkan 14 til 18, 11. desember frá 14 til 16 og í World Class Egilshöll 16. desember frá 15 til 18.

### MINIWELL TWIST

- Hiti
- Nuddar í báðar áttir
- Hægt að nota í bíl
- Slekkur á sér eftir 15 mínútur
- Nuddar háls, bak, fætur og hendur
- Ólar sem auðveldla færslu á púðanum
- Góð reynsla hjá fólki með gigt
- Mýkir upp auma vöðva eftir hlaup og æfingar.

### JÓLATILBOÐ

Púðinn er á jólatilboði á 25 þúsund krónur en venjulegt verð er 32 þúsund.



**GÓTT VERÐ** „Hagstæðasta verðið á púðanum er hjá okkur á Íslandi. Það er ekki alltaf dýrast að versla á klakanum góða," segir Margrét og óskar landsmönnum gleðilegra og afslappaðra jóla.

MYND/PIETUR

**UPPLÝSINGAR** www.logy.is, logy@logy.is og í síma 588 2580 og 661 2580. Sent er frítt á höfuðborgarsvæðinu en einnig er sent í póströfu. Púðann má einnig kaupa í Sýrusson hönnunarhúsi Síðumúla 33 fram til jóla.

## TUDOR RAFGEYMAR

Nýjir og endurbættir



### TUDOR High Tech rafgeymar.

95 Ah, 800 Amper  
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost)  
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending  
Alveg lokaðir og viðhaldsfrilir  
Mikið kaldræsipól, örugg ræsing í miklum kulda  
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.



TUDOR SÉRFRÆDINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bildshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

Jólagjafirnar í ár...

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu



REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm  
Verð aðeins kr. 399.900.-

REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm  
Verð aðeins kr. 499.900.-



20-50% afsláttur  
Dömu- og herrasloppar  
Mikið úrval  
Frábær jólagjöf




20% afsl.  
Vinsæli viðhaldskoddinn  
Verð áður kr. 19.900.-  
Verð nú aðeins kr. 15.920.-



20% afsl.  
Frábær jólagjöf  
IQ-CARE heilsukoddinn  
Verð áður kr. 14.900.-  
Verð nú aðeins kr. 11.920.-



Sængurverasett  
20-50% afsláttur  
Frábær jólagjöf



12 mán.  
vaxtalausar greiðslur\*

Svefn & heilsa  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
www.svefn.is Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**OptiBac**  
probiotics


Góð melting styrkir ónæmiskerfið  
**Stjórnaðu bakteríu-  
flórunni með OptiBac**



Fæst í apótekum og heilsubúðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndis Hauksdóttir**,  
bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**,  
kkolbeins@365.is, s. 512 5447



**SIGURRÓS** gerir lítil fót á dúkkur sem eru eins og fót á fólk.  
MYND/GVA

# TÍSKUDÚKKUR

**SAUMASKAPUR** Sigurrós Ríkhardsdóttir saumar dúkkuföt af miklum móð. Fötin eru vönduð og líta dúkkurnar út eins og flottustu fyrrisætur í þeim.

Sigurrós Ríkhardsdóttir átti sér lengi draum um að eiga almennilegar saumagræjur. Hún fékk sér bróðeringarvél fyrir nokkrum árum sem hana var búið að dreyma um í nokkur ár áður en hún lét verða af því að kaupa hana. „Þegar ég fékk bróðeringarvéliná fór ég að bróðera ýmislegt, merkja handklæði, sængurver og annað. Í vor þegar ég átti að fara að hætta að vinna vegna aldurs þá ákvað ég að gera eitthvað róttækt í málunum, bætti við saumavélum og datt í hug að fara að búa til dúkkuföt. Síðan hef ég bara ekki stoppað,“ segir Sigurrós og hlær.

Hún segist hafa fengið góð viðbrögð við fótunum, að fólk sé ánægt með þau og hún glöð með að geta dundað sér í saumaskapnum. „Mamma var mikil saumakona og ég hjálpaði henni stundum. Svo hef ég saumað fót á sjálfa mig í gegnum tíðina og saumaði nánast öll fót á börnin mín þegar þau voru

lítil. Annars eru dúkkufötin aðallega tilkomin vegna barnabarnanna, ég á þrettán stykki. Ég er bara með saumastarfið í einu herbergi hérna heima og svo kaupi ég afgangsefni til að nota í litlu fötin. Við þetta nota ég þrjár saumavélar, ég læt bróðeringarvéliná gera púða fyrir mig á meðan ég sauma dúkkufötin. Ég hef fyrir kostnaði með þessu en held að ég myndi ekki hafa það af ef ég hefði ekkert að gera.“

Sigurrós segist vera óskaplega mikil dellumanneskja. „Ég þarf alltaf að vera að gera eitthvað og tek tímabil þar sem ég geri mikið af einhverju. Til dæmis vann ég með gler á tímabili, á öðrum tíma var ég alltaf að þæfa og svo hef ég þrjónað mikið í gegnum tíðina.“

Hún vinnur enn í hlutastarfi á saumastofu þar sem hún gerir björgunarnet fyrir sjómenn. „Það á þó lítið skylt við dúkkufötin,“ segir Sigurrós og hlær.

■ liljabjork@365.is



**BRÓDERAÐ** Sigurrós býr til bróðeraða púða, meðal annars með myndum úr Disney-kvikmyndum.

## ÁSTRÍÐA

„Í vor þegar ég átti að fara að hætta að vinna vegna aldurs þá ákvað ég að gera eitthvað róttækt í málunum, bætti við saumavélum og datt í hug að fara að búa til dúkkuföt. Síðan hef ég bara ekki stoppað.“



**FATASKÁPAR**  
Í MIKLU  
ÚRVALI

VERÐ FRÁ KR. 57.300,-




RENNIHURÐASKÁPAR  
VERÐ FRÁ KR. 71.100,-

**Hirzlan**  
Smiðsbúð 6, 210 Garðabær, sími 564 5040  
www.hirzlan.is

**GRAM** Heimilistæki



**FÖNIX**  
fonix.is • Hátúni 6a • 105 Reykjavík • S. 552 4420

## HEIMAGERT OG HOLLT SÆLGÆTI

Það tekur ekki langan tíma að útbúa þetta góðgæti. Gott að eiga í ísskápnum ef mann langar í eitthvað gott á aðventunni eða til að bjóða gestum. Þetta konfekt er ákaflega gott og ekki síður hollt. Uppskriftin ætti að gefa 40 mola.

**400 g dökkt súkkulaði, 70%  
2 dl hnetur og möndlur að eigin vali  
2 dl þurrkaðir ávextir, rúsinur,  
aprikósur og fleira**

Ristið hnetur og möndlur í ofni við 180°C í um það bil tíu mínútur. Þá verða þær stökkar og bragðgóðar.

Skerið súkkulaðið niður og setjið í skál. Bræðið yfir vatnsbaði. Setjið hnetur, möndlur og ávexti út í súkkulaðið þegar það er bráðnað.

Notið teskeiðar og búið til jafnstóra toppa. Setjið á bökunarpappír. Látið standa í ísskáp þar til súkkulaðið er stífnað. Geymið í ísskáp.



**OFBÓDSLEGA GÓÐAR** Þetta er nammi sem auðvelt er að gera. Ekki sakar að þetta er hollt nammi.



# Ný margverðlaunuð vítamínlína

Sérfræðingar í náttúrulegri heilsu síðan 1981

Sýnishorn af línunni:



GMP vottuð framleiðsla



Athugið! Hagkvæmnispakkningar í boði - Gott verð - Mikið magn



www.gengurvel.is

Útsölastaðir: Gamla apótekið, Apótekarinn Helluhrauni, Heilsuver - Lyfjaver, Lyfsalinn og Apótek Garðabæjar.



**amira**  
- dekraðu við heimilið -

Fallegar vörur fyrir heimilið

Ármúla 23 • s: 553 0605  Við erum á Facebook



MIKIÐ SKREYTT Stanslaus umferð er fyrir utan Jóláhúsið vikurnar fyrir jólin.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

# FÍGÚRUR FYRIR KRAKKANA

**JÓLAHÚS** Fjöldi fólks leggur leið sína í Reykjanesbæ fyrir jólin enda mörg falleg jóláhús í bænum. Eitt þeirra er Jóláhús barnanna en eigandi þess skreytir húsið árlega með þarfir yngstu barnanna í huga.

Túngata 14 í Reykjanesbæ er fastur viðkomustaður margra bæjarbúa og utanbæjarmanna vikurnar fyrir jólin enda húsið með eindæmum skrautlegt og litfagurt. Húsið er kallað Jóláhús barnanna á þessu tímabili enda skreytt með þarfir yngsta aldurshópsins í huga að sögn eiganda þess og yfirskeytingarmeistara, Hallbjörns Sæmundssonar. Húsið stendur í gamla bænum í Keflavík og var byggt árið 1926. Það er rautt á lit með hvítu þaki og nokkuð jólalegt í útliti og því sérstaklega heppilegt undir skrautlegar jólaskeytingar.

„Ég byrjaði að skreyta húsið fyrir um sextán árum. Upphaflega var þetta hóflegt en skrautið varð meira með hverju árinu sem leið. Ég hef smíðað eitthvað sjálfur og keypt annað en ég legg minni áherslu á jólaljósina en þeim mun meiri á ýmsar fígúrir enda skreyti ég með þarfir barna í huga. Þau hafa miklu meira gaman af ýmsum fígúrum en fallegum jólaljósnum enda koma þau mikið hingað, ekki síst í hópum frá leikskólum bæjarins.“

Það eru þó ekki bara yngsta kynslóðin sem hrífst af húsi Hallbjörns. „Hér er nánast stanslaus umferð allan sólarhringinn vikurnar fyrir jólin. Margir taka myndir og þegar bláu ljósin eru sem mest heldur maður stundum að það sé kviknað í. Hingað koma ekki bara leikskólahópar heldur bæjarbúar á öllum aldri og ekki síst eldri borgarar. Margar rútur frá höfuðborgarsvæðinu stoppa hér við en margir heimsækja Reykjanesbæ á þessum árstíma enda mörg falleg jóláhús hér. Bærinn breytist í hálfgerða paradís á þessum árstíma. Það er líka gaman að heyra um fólk sem heimsækir húsið árlega. Ég ræddi til dæmis við ömmu í fyrra sem mætir hingað á hverju ári með barnabörnin sín úr Reykjavík.“

Mikil vinna felst í því að setja upp skrautið en hún hefst vanalega um miðjan nóvember. „Þetta er mjög tímafrekt verkefni sem krefst vandvirkni. Það þýðir ekkert að henda þessu upp hingað og þangað heldur þarf að vanda vel til verks. Ég set skrautið upp einn og vil enga hjálp við það. Sjálfur er ég orðinn löglegt gamalmenni og orðin svolítið full-orðinn fyrir þetta þríl en ef ég get þetta ekki einn þá er kominn tími til að hætta þessu.“

■ starri@365.is



SKREYTTIR Hallbjörn Sæmundsson undirbýr skreytingar á Jóláhúsi barnanna í Reykjanesbæ.

MYND/VÍKURFRÉTTIR



GLADLEGT Hallbjörn skreytir Jóláhúsið með þarfir barnanna í huga.

MYND/VÍKURFRÉTTIR



 CANADA GOOSE

**CITADEL**  
kr.129.990.-

**KENSINGTON**  
kr.129.990.-

**GRÍPTU GÆSINA**  
SETTU ALVÖRU GÆÐI Í JÓLAPAKKANN!

**SPORTÍS**

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS



**heimili**  
fasteignasala  
- á traustum grunni



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Guðbjörg G. Blöndal  
lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Brynjólfur Snorrason  
sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500

**FASTEIGNASALAN BÆR**  
[www.fasteignasalan.is](http://www.fasteignasalan.is)

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

**Naustabryggja 18** íb.0107 **31,9m**  
Opið hús þriðjudaginn 9. des. kl. 17:00 - 17:30

**OPTÐ HÚS**

Vantar eignir á skrá  
Fritt verðmat

- Rúmgóð 3ja herbergja, 97,2 fm
- Innangeng bílageymsla, 1 stæði fylgir
- Jarðhæð
- Sólpallur
- Þvottahús innan íbúðar
- Einn eigandi frá upphafi

[elin@fasteignasalan.is](mailto:elin@fasteignasalan.is) Sími: 695 8905

**BERG FASTEIGNASALA**

Háholt 14, Mosfellsbær  
Sími: 588 5530 • [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) • [www.berg.is](http://www.berg.is)  
GSM 897 0047

**Pétur Pétursson**  
lögg. fasteignasali  
[Petur@berg.is](mailto:Petur@berg.is)

## Sérhæð við Gnoðarvog

Fasteignasalan Fold, sími 552-1400 kynnir: Mikið endurnýjuð íbúð á fyrstu hæð/jarðhæð við Gnoðarvog með sérinngangi og fjórum herbergjum. Bókið skoðun hjá sölumönnum Foldar.

Íbúðin er með sérinngangi. Forstofan er með flísum á gólfi og fatahengi. Gangur er með parketi á gólfum og skápum.

Eldhúsið er með fallegri hvítri innréttingu og borðkrók. Tvö svefnherbergi með parketi á gólfi. Stofur eru rúmgóðar með útgengi út á suðursvalir, auðvelt er að breyta annarri stofunni í herbergi. Baðherbergi með baðkari og glugga. Rúmgóð geymsla með hillum innan íbúðar.

Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni og sameiginleg geymsla undir stiga. Möguleiki á að hafa þrjú svefnherbergi. Björt og falleg jarðhæð með suðursvölum og sérverönd við inngang.



Falleg íbúð við Gnoðarvog.

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fold fasteignasölu, Laugavegi 170, sími 552-1400. Þjónustusími eftir lokun er 694-1401.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali  
[einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)

KJARNNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

### Núpalind 4 - 201 Kópavogur



**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

Mjög falleg 70,1 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með stórra timburverönd við Núpalind 4 í Kópavogi. Góð staðsetning miðsvæðis í Kópavogi rétt við Smáralind verslunarmiðstöð, leik og grunnskóla og aðra þjónustu. **V. 24,9 m.**

### Svöluás 46 - 221 Hafnarfjörður



Mjög glæsilegt 241,1 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Svöluás 46 í Hafnarfirði. Flottar innréttingar og gólfefni. Hellulagt bílplan og fallegur garður með stórra timburverönd í suðvestur. **V. 59,7 m.**

### Laugavegur 83 - 101 Reykjavík



Falleg 57,9 m<sup>2</sup>, 3-4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi við Laugaveg 83 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, geyslu-loft sem er búið að innrétta, baðherbergi, eldhús og stofu. **V. 29,9 m.**

### Gullengi 4 - 112 Grafarvogur



Falleg og vel skipulögð 132,1 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaíbúð með sérinngangi á 2. Hæð. Sérgeymsla í kjallara. **V. 37,9 m.**

### Viðarás 19 - 110 Reykjavík



Mjög falleg 202,2 m<sup>2</sup> efri sérhæð ásamt bílskúr. Suðursvalir og stór afgirt timburverönd. Hellulagt bílplan. Fjögur svefnherbergi. **V. 45,9 m.**

### Álfkonuhvarf 21 - 201 Kóp.



Björt og falleg 128,5 m<sup>2</sup>, 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílajakjallara í lyftuhúsi. **V. 36,9 m.**

### Brekkuás 8 - 221 Hafnarfjörður



328,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum við Brekkuás 8 í Hafnarfirði. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. **V. 57,9 m.**

### Gerplustræti 25 -270 Mosfellsbær



Rúmgóð og falleg 123 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með glæsilegu útsýni, ásamt bílastæði í bílajakjallara. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Stór sérgeymsla í kjallara fylgir eigninni. **V. 33,9 m.**

### Álmholt 6 - 270 Mosfellsbær



236,1 m<sup>2</sup> einbýlishús með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð í kjallara við Álmholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða 140,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt 48,2 m<sup>2</sup> tvöföldum bílskúr og 47,7 m<sup>2</sup> aukaíbúð í kjallara. Góð staðsetning. 926 m<sup>2</sup> ófrá-gengin lóð og stórt bílastæði. **V. 45,9 m.**

### Brekkutangi 12 -270 Mosfellsbær



254 m<sup>2</sup> endaraðhús með aukaíbúð í kjallara við Brekkutanga 12 í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 254 m<sup>2</sup>, þar af íbúð á þremur hæðum 228,1 m<sup>2</sup> og bílskúr 25,9 m<sup>2</sup>. Skipti möguleg á minni eign.

### Arnartangi 77 - 270 Mosfellsbær



**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**  
Mjög fallegt 174,2 m<sup>2</sup> 5-6 herbergja einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Arnartanga 77 í Mosfellsbæ. Vinsæl staðsetning. Gróinn garður með veröndum. Hellulagt bílplan. **V. 49,8 m**



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumaður  
gjsl@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Aratún - Garðabæ.



Mjög gott um 212,2 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 36,9 fm. bílskúr. Bílskúr er innréttaður sem vinnustofa, en getur einnig nýst sem studíóbúð. Rúmgóðar stofur með arni. Garðstofa með útgangi á verönd. Opið eldhús með nýlegri háglansinnréttingu. Þrjú til fjögur herbergi. Ræktuð lóð með afgirtri viðarverönd. Verkfæraskúr er á lóð. Hellulögð innkeyrsla með hitalögn. **Eignin er laus til afhendingar strax.**

**Verð 49,9 millj.**

### Klappakór - Kópavogi. 5 herbergja efri sérhæð



Falleg og vel skipulögð efri sérhæð í tvíbýlishúsi. Íbúðinni fylgir stæði í bilgeymslu og sér geymsla er við stæðið. Stofa, borðstofa og eldhús í opnu rými. Fjögur svefnherbergi með möguleika á því fimmta. Bæði baðherbergi og gestasnyrtng. Þvottaherbergi innan íbúðar. Miklar og vandaðar innréttingar.

**Tvennar svalir eru á íbúðinni og mjög fallegt og viðáttumikið útsýni, m.a. fjallsýn.**

**Verð 44,9 millj.**

### Borgartún 6. - Glæsilegt skrifstofuhúsnæði - Til leigu eða sölu.



Glæsilegt og einstaklega vel staðsett 258,8 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í lyftuhúsi við Borgartún (gamla rúgbrauðsgerðin). Eignin var endurnýjuð að mestu árið 2007 og síðar með vönduðum innréttingum, gólfefnum og hurðum. Hluti skrifstofa eru lokaðar af með léttum veggjum og gleri. Mikil lofthæð um 4 metrar og stórir gluggar með útsýni til vesturs og norðurs sem gefa rýminu skemmtilegt yfirbragð. **Eignin er laus til afhendingar frá 1. janúar 2015.**

### Grundarstigur. Íbúð og vinnustofa í miðborginni



164,2 fm. eign í Þingholtunum. Annars vegar 3ja herbergja rúmgóða íbúð og hins vegar vinnustofu í kjallara í góðu steinsteypu húsi á mjög góðum stað í hjarta miðborgarinnar. Aukin lofthæð er í íbúðinni og eignin hefur verið mikið endurnýjuð nýlega. Íbúðin er 97,2 fm. að stærð með skjólgóðri verönd til suðurs. Vinnustofa í kjallara er 67,0 fermetrar að stærð með sér inngangi bakatil.

**Verð 39,9 millj.**

**Eign sem getur hentað undir t.d. skrifstofur eða heildverslun**

### Vatnsstigur. Glæsileg útsýnisíbúð á 12. hæð.



Glæsileg 136,6 fm. útsýnisíbúð með suðursvölum á 12. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi á sjávarkambinum við Vatnsstíg auk sér bílastæðis í lokaðri og uppþitaðri bílageymslu í kjallara hússins. Íbúðin er öll innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta og útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt, bæði til suðurs að Reykjanesi, út á sundin og að Snæfellsjökli. Björt stofa með arni. Sjónvarpshol. Opið eldhús með eldunareyju. Húsið er allt mjög vandað og sameign er öll 1. flokks.

### Kirkjulundur 12 – Garðabæ. 2ja herbergja íbúð



85,6 fm. íbúð á 1. hæð með afgirtri verönd til norðausturs. 6,6 fm. geymsla merkt 0004 í kjallara fylgir eigninni. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni og lyfta er í húsinu. Íbúðin er fullbúin með gólfefnum, eikarparketi og búið að físaleggja baðherbergi og þvottaherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar. Staðsetning er afar góð í miðbæ Garðabæjar.

**Verð 33,4 millj.**

### 2JA HERBERGJA



**LANGAMÝRI - GBÆ. SÉRINNGANGUR.**  
